



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótisdalshrepps í Végarði  
1. desember 2017 kl. 16:30.**

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

(Jóni Þór var kynnt efni fundarins í síma)

**1. Víðivellir ytri 1. Umsókn um stöðuleyfi.**

Hörður Guðmundsson sækir um stöðuleyfi fyrir stöðuhýsi af gerðinni ABI Blenheim 38'x12'. Grunnflötur stöðuhýsisins er 42,5 m<sup>2</sup>. Fyrirhugað er að staðsetja það á hlaðinu við íbúðarhúsið norðan við bílastæðið. Frárennsli verður tengt við rotpróna sem fyrir er og rafmagn og neysluvatn tekið frá íbúðarhúsinu. Leigusalar hafa samþykkt þessa aðgerð enda er íbúðarhúsið ekki íbúðarhæft vegna myglu. Unnið er að útrýmingu myglunnar með gagngerri endurnýjun á öllum innviðum í gamla íbúðarhúsinu.

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita stöðuleyfi til eins árs fyrir stöðuhýsið.

**2. Kröfur um faggildingu á sviði byggingarmála.**

Byggingarfulltrúi sagði frá umræðum meðal byggingarfulltrúa um faggildingu byggingarfulltrúa sem kom fram í lögum nr. 160/2010 og átti að koma til framkvæmda og taka gildi 1. janúar 2018. Svo virðist sem án faggildingar hafi byggingarfulltrúar ekki heimild til þess að yfirfara og samþykkja þær teikningar sem berast embættum þeirra til afgreiðslu og einnig geti þeir ekki án faggildingar tekið út hina ýmsu byggingaráfanga svo sem grundun mannvirkja, úttekt á járna- og pípulögnum og fleiru sem hingað til hefur verið gerð krafa um úttekt á. Svo er að sjá sem ekki sé ljóst hvernig á að standa að kynningu, fræðslu og/eða námskeiðshaldi til þess að hægt sé að afla sér þeirra réttinda, sem felast í þessari umtöluðu faggildinu. Byggingarfulltrúi las kafla úr umræðum byggingarfulltrúa á netinu um þetta úrlausnarefni, sjá meðf. fylgiskjal:

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:30

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf

Helga H. Vigfúsdóttir